

16. FEB. 2018

Bréfalykill: 15.01.07

Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7, Reykjavík

Síðastliðið ár hefur sveitarstjórn Dalabyggðar unnið að sölu á eftirtöldum eignum sveitarfélagsins:

- 1) Eignarhlut sveitarfélagsins í jörðinni Laugum ásamt jarðhitaréttindum og húseignum.
- 2) Jörðinni Sælingsdalstungu að undanskildum vatnsréttindum á Svínadal.

Áður höfðu húseignir sveitarfélagsins á Laugum verið auglýstar til sölu en án árangurs.

Ég tel að sveitarstjórnin hafi ekki staði rétt að þessu máli og þar að auki brotið bæði

Sveitarstjórnarlög nr. 138/2011 og Stjórnsýslulög nr. 37/1993. Þess vegna fer ég fram á að Samgöngu og sveitarstjórnarráðuneytið geri úttekt á vinnubrögðum sveitarstjórnar Dalabyggðar, í framangreindu máli. Jafnframt fer ég fram á að málinu verði komið í réttan farveg og sveitarstjórnin og sveitarstjórinn verði ámynt um að viðhafa vönduð vinnubrögð og fara að lögum.

Hér á eftir geri ég grein fyrir helstu atriðum sem mér finnst að rangt hafi verið staðið að.

1. Íbúafundur 31. janúar 2018 þar sem salan á eignunum var kynnt, var haldinn fjórum mánuðum of seint. Fundinn hefði átt að halda í september árið 2017 og segja frá því hvaða eignir sveitarfélagsins væri fyrirhugað að selja. Það kemur öllum íbúum sveitarfélagsins við þegar verið er selja jafn verðmætar eignir eins og þær sem að framan greinir. Með þessu voru íbúarnir sniðgengnir en það er brot á **103. gr.** Sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.
2. Það hefði átt að auglýsa þær eignir sveitarfélagsins sem voru til sölu, í september 2017 en það var ekki gert. Eignirnar á Laugum voru fyrst auglýstar eftir að tilboð barst í þær 27. okt. 2017. Sölumeðferðin hefur verið mjög sérstök. Það er eins og fasteignasalinn og væntanlegur kaupandi hafi verið komnir inn á gafli hjá sveitarstjórninni og vitað nákvæmlega hvað átti að selja og hvenær.
3. Auglýsingin á Sælingsdalstungu er ólögleg. Hún er sett neðst í auglýsingu um Lauga og er einungis ein stutt setning. Í haus auglýsingarinnar er Sælingsdalstungu ekki getið. Á íbúafundi 31. janúar 2018 kom það fram í máli eins sveitarstjórnarmanns að auglýsingin væri með þessum hætti svo minni hætta væri á að aðrir en væntanlegur kaupandi Lauga, gerðu tilboð í jörðina. Ég tel að með þessari aðferð hafi sveitarstjórn brotið **11. gr.** Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 (Jafnræðisreglan).
4. Landskipi á laugum hafa ekki farið fram. Fyrir utan skólalóðina og land Ungmennasambands Dala og norður Breiðfirðinga er jörðin í óskiptri sameign sveitarfélagsins og Bergljótar Kristjánsdóttur á Vörðustíg 7, í Hafnarfirði. Hreinlegast er að skipta landinu áður en gengið er frá sölu á eignarhlut sveitarfélagsins. Einnig þarf skipting á jarðhitaréttindum á Laugum, að vera á hreinu.
5. Sveitarfélagið þarf að halda eftir nægjanlega stóru landi umhverfis vatnsbólið á Svínadal. Einnig þarf að tryggja það að lögnin frá vatnsbólínu sé eign sveitarfélagsins og að hægt verði að endurnýja hana eins og þarf. Landið umhverfis vatnsbólið þarf að afmarka áður en Sælingsdalstunga verður seld.
6. Söluverð eignanna er lágt og ég veit ekki til þess að sveitarstjórn hafi fengið óháðan aðila til að meta verðmæti þeirra.
7. Gert er ráð fyrir að sveitarfélagið láni væntanlegum kaupanda að fyrr greindum eignum hluta af því sem hann á að greiða. Ég tel að það sé ekki hlutverk sveitarfélaga að standa í lánastarfsemi.
8. Sveitarstjórn er búin að heimila oddvita og sveitarstjóra að undirrita kaupsamning um fyrr greindar eignir. Það verður að teljast síðlaust því ekki er búið að ganga frá öllum lausum endum sem snerta söluna.

Ásgarði 6. febrúar 2018

Bjarni Ásgeirsson